

## Stefna Ísafold Capital Partners um ábyrgar fjárfestingar

### Inngangur

Stefna þessi setur fram viðmið um ábyrgar fjárfestingar með hliðsjón af reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. United Nations Principles for Responsible Investments (hér eftir nefnt „UnPRI“)). Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem auk þess að horfa til áhættu og ávöxtunar taka tillit til annarra ófjárhagslegra þátta s.s. umhverfismála, félagslegra málefna og góðra stjórnarháttanna (hér eftir nefnt „UFS“).

Hlutverk Ísafold Capital Partners (hér eftir nefnt „ÍCP“ eða „félagið“) er að stýra fjármunum viðskiptavina sinna í þeim tilgangi að ná góðri áhættuveginni langtímaávöxtun. Sem fjármögnunaraðili ýmissa verkefna hefur ÍCP ákveðið vald til að stýra því hvaða og hvernig fyrirtækjum er fjárfest í. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem eru vakandi fyrir þessum þáttum og taka ábyrgð á rekstri sínum með tilliti til UFS draga úr áhættu í rekstrinum og eru líklegri til að ná árangri til lengri tíma. ÍCP lítur svo á að tillit til þessara þátta muni styrkja grundvöll langtímaávöxtunar fjárfestinga sinna.

Í stefnunni verða útlustuð markmið ÍCP í málefnum ábyrga fjárfestinga og hvernig markmiðum félagsins um að skila viðskiptavinum sínum góðri áhættuveginni langtímaávöxtun er náð án þess að veita afslátt af öðrum ófjárhagslegum þáttum s.s. UFS. Með því móti skila fjárfestingar félagsins ekki aðeins fjárhagslegum ávinningi heldur hafa einnig jákvæð áhrif á samfélagið til lengri tíma, öllum til hagsbóta.

ÍCP hefur sótt um aðild að UnPRI og mun félagið þar með skuldbinda sig opinberlega til að innleiða meginreglur þeirra í starfsemi sinni. Reglurnar fela m.a. í sér að við fjárfestingarákvarðanir er UFS hluti af ákvörðunartökunni.

### Markmið stefnunnar

Stefna þessi um ábyrgar fjárfestingar markar stefnu félagsins um siðferðilegt viðmið í fjárfestingum. Til að ná markmiðum um ábyrgar fjárfestingar mun ÍCP leitast eftir því að fylgja eftir sex meginreglum UnPRI:

1. Við munum taka mið af UFS við greiningu fjárfestingarkosta og ákvörðunartöku
2. Við ætlum að vera virkur eigandi sem tekur tillit til UFS bæði í eigendastefnu og í verki
3. Við munum kalla eftir viðeigandi upplýsingagjöf um UFS frá aðilum sem við fjárfestum í

4. Við munum beita okkur fyrir viðurkenningu á og innleiðingu þessara meginreglna í fjárfestingarstarfsemi
5. Við munum vinna saman að því að efla árangur við innleiðingu meginreglnanna
6. Við skilum skýrslum um starfsemi okkar og upplýsum um árangur við innleiðingu meginreglnanna.

### **Framkvæmd stefnu**

ÍCP mun sem fjárfestir og hluthafi í fyrirtækjum leitast við að hafa uppbyggileg áhrif á háttsemi fyrirtækja til að stuðla að bættum langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra félaga sem félagið fjárfestir í, enda telur ÍCP það samrýmast hagsmunum allra haghafa félagsins.

Fjárfestingarákvarðanir sjóða ÍCP byggja á ferlum sem skilgreindir eru í innri reglum og verklagsreglum. Þessu til viðbótar munu starfsmenn ÍCP líka líta sérstaklega til UFS þátta við mat á fjárfestingarkostum og innifela kafla um þessa þætti í greiningum sínum og fjárfestingartillögum. Horft verður m.a. til upplýsingagjafar fyrirtækja varðandi stjórnarhætti og atriði sem að þeim snúa á sviði umhverfismála og samfélagslegra málefna með áherslu á þau svið sem eru viðeigandi viðkomandi rekstri.

Í þeim tilfellum þar sem ÍCP kemur með beinum hætti að rekstri félaga mun félagið beita sér fyrir innleiðingu ábyrgra stjórnarháttanna og úrbótum á UFS þáttum, þar sem betur má fara. Þannig má draga markvisst úr rekstraráhættu og styrkja ímynd félaganna fyrir sölu.

Tengist fyrirtæki broti á sviði UFS að áliti lögbærra yfirvalda er það markmið ÍCP að beita sér sem haghafi þannig að látið verði af viðkomandi broti án tafar og jafnframt farið fram á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur.

### **Viðmið og leiðbeiningar**

Við mat á fjárfestingum er tekið mið af eftirfarandi atriðum:


- Stefnu ÍCP í ábyrgum fjárfestingum
- Alþjóðalögum og alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur fullgilt
- Starfsleyfisskilyrðum
- UN Global Compact

- Leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja

#### Endurskoðun og birting

Stefna þessi er samþykkt af stjórn ÍCP og staðfest með undirritun stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að henni sé framfylgt í starfsemi félagsins. Stefnuna ber að endurskoða reglulega eftir því sem tilefni er til.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafold Capital Partners 6.október 2021

  
Katrín Elva